

Úrskurður
úrskurðarnefndar raforkumála
um kröfu um frestun réttaráhrifa
í máli nr. 6/2024,
kæra Furu ehf.
á ákvörðun Orkustofnunar

Þann 25. febrúar 2025, kvað úrskurðarnefnd raforkumála upp eftirfarandi úrskurð vegna kæru Furu ehf. (kærandi), dags. 9. september 2024, á ákvörðun Raforkueftirlits Orkustofnunar (Raforkueftirlitið) frá 13. ágúst 2024 er varðar uppsögn á samningum. Málið hefur fengið númerið 6/2024.

I. Kæruefni og kröfur aðila

Með bréfi til úrskurðarnefndar raforkumála, er barst nefndinni 9. september 2024 kærir kærandi ákvörðun Orkustofnunar frá 13. ágúst 2024 er varðar uppsögn á samningum frá 18. september 2019, um flutning og sölu á rafmagni til hans. Kærandi krefst þess að ákvörðun Raforkueftirlits Orkustofnunar nr. 3/2024, frá 13. ágúst 2024 verði hnekkt og breytt á þá leið að:

- a. Ógilt verði uppsögn Landsnets hf. á tengisamningi Furu ehf. við HS Veitur hf., dags. 18. september 2019 vegna leigu á búnaði og aðstöðu til raforkuafhendingar HS Veitna hf. til Furu ehf., sbr. uppsagnarbréf dags. 31. ágúst 2023.
- b. Ógilt verði uppsögn HS Veitna hf. á tengisamningi við Furu ehf., sbr. samkomulagfélaganna 18. september 2019, vegna dreifingar á raforku til Furu ehf., sbr. uppsagnarbréf dags. 22. september 2023.
- c. Lagt fyrir Landsnet hf. og HS Veitur hf. að selja Furu ehf. rafmagn með sömu kjörum og greinir í tilvitnuðum samningum aðila frá 18. september 2019 allt þar til HS Veitur hf. geta afhent rafmagn við lóðamörk á starfsvæði Furu að Hringhelli 3, Hafnarfirði.
- d. Landsneti hf. verði gert skylt að kaupa tengibúnað Furu ehf. sem varðar tengingarfélagsins við tengivirki Landsnet hf. í Hamranesi, miðað við búnaðinn upp settan við tengivirkið og áður en búnaðurinn var fjarlægður eins og kveðið er á um í samkomulagi HS Veitur ehf. og Furu ehf. 18. september 2019.
- e. HS Veitum hf. verði gert skylt að kaupa jarðstreng Furu frá lóðarmörkum Furu ehf., að Hringhelli 3, Hafnarfirði að tengivirkinu Hamranesi.

Með tölvupósti, dags. 22. janúar 2025 barst úrskurðarnefndinni erindi kæranda þar sem hann gerir kröfu um að réttaráhrifum hinnar kærðu ákvörðunar verði frestað þannig að uppsögn HS Veitna og Landsnets taki ekki gildi fyrr en nefndin hefur úrskurðað um lögmæti uppsagnanna sem deilt er um, sbr. 2. mgr. 29. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993. Frá þeim tíma er 18 mánaða uppsagnarfrestur líður undir lok, eða 1. mars 2025 verði kærandi án samnings og því án

rafmagns að breyttu breytanda. Raforkueftirlitið krefst þess að kröfu kæranda um frestun réttaráhrifa verði hafnað eða henni vísað frá vegna skorts á lögvörðum hagsmunum.

I. Málsvik

Ágreiningur þessa máls snýst um uppsögn á tveimur samningum um flutning og sölu á rafmagni til kæranda. Annars vegar er um að ræða samning Landsnets og HS Veitna og hins vegar samning HS Veitna og kæranda en samningarnir voru gerðir 18. september 2019. Samningi Landsnets og HS Veitna var sagt upp af hálfu Landsnets frá og með 1. mars 2025, hinn 31. ágúst 2023. HS Veitur sögðu í framhaldinu upp samningi HS Veitna og kæranda hinn 22. september 2023 með vísun til uppsagnarbréfs Landsnets.

Kærandi sendi kvörtun til Orkustofnunar 5. apríl 2024 þar sem farið var fram á m.a. að Orkustofnun ógilti uppsögn Landsnets á samningi Landsnets og HS Veitna og uppsögn HS Veitna á samningi við kæranda. Í hinni kærðu ákvörðun frá 13. ágúst sl. var ekki orðið við kröfum kæranda og komist að þeirri niðurstöðu að uppsagnir á umræddum samningum hafi ekki brotið í bága við ákvæði raforkulaga. Kröfu kæranda um tengingu við tengivirki Landsnets í Hamranesi var einnig hafnað, svo og kröfu um að HS Veitur seldu honum rafmagn á sömu kjörum og greinir í samningum aðila frá 18. september 2019 þar til HS Veitur geti tengt starfsvæði kæranda beint inn á dreifikerfi sitt án milligöngu Landsnets.

Krafa kæranda um frestun réttaráhrifa var send Landsneti, Raforkueftirlitinu og HS Veitum til athugasemda hinn 25. janúar 2025.

II. Athugasemdir Orkustofnunar

Þann 23. janúar 2025 var kallað eftir athugasemdum Raforkueftirlitsins vegna kröfu kæranda um frestun réttaráhrifa á hinni kærðu ákvörðun og barst nefndinni umsögn Raforkueftirlitsins hinn 12. febrúar 2025. Þar segir m.a. að krafa kæranda um frestun réttaráhrifa hinnar kærðu ákvörðunar byggi á 2. mgr. 29. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993. Raforkueftirlitið bendir á að umrætt ákvæði feli í sér undanþáguheimild frá þeirri meginreglu sem fram komi í 1. mgr. sama ákvæðis um að kæra til æðra stjórnvalds fresti ekki réttaráhrifum ákvörðunar. Ákvæðið hafi mesta þýðingu varðandi ákvarðanir sem fela í sér breytta réttarstöðu fyrir aðila, svo sem boð eða bann. Þannig geti t.a.m. komið til skoðunar að fresta réttaráhrifum í málum þar sem framkvæmd ákvörðunar fæli í sér óafturkræfan skaða fyrir aðila máls. Það hafi hins vegar sjaldnast nokkra þýðingu þegar um sé að ræða neikvæðar stjórnvaldsákvarðanir sem feli í sér óbreytt réttarástand fyrir aðila.

Þá ítreki Raforkueftirlitið að það geti einungis tekið afstöðu til þess hvort eftirlitsskyldir aðilar, í þessu tilviki, HS Veitur og Landsnet hafi farið að raforkulögum í þeim tilvikum sem kvartað sé yfir ákvörðunum þess. Raforkueftirlitið hafi þannig ekki heimild samkvæmt raforkulögum til þess að ógilda einkaréttarlega samninga eða kveða á um skyldu um uppkaup á búnaði nema fyrir hendi sé skýr lagaheimild þess efnis.

Hin kærða ákvörðun hafi lotið að því hvort uppsagnir tveggja samninga einkaréttarlegs efnis hefðu verið lögmætar og komst Raforkueftirlitið að þeirri niðurstöðu í hinni kærðu ákvörðun

að ákvörðunin hafi ekki brotið í bága við raforkulög. Frestun á réttaráhrifum hinnar kærðu ákvörðunar hafi þannig engin áhrif á réttindi kæranda heldur viðhaldi óbreyttri réttarstöðu.

Raforkueftirlitið telji því ekki lagskilyrði til þess að verða við kröfu kæranda um frestun réttaráhrifa hinnar kærðu ákvörðunar og því beri að hafna kröfunni eða vísa henni frá vegna skorts á lögvörðum hagsmunum.

III. Umsögn HS Veitna

Umsögn HS Veitna barst úrskurðarnefnd með tölvupósti 4. febrúar 2025. Þar kemur fram að í niðurstöðu hinnar kærðu ákvörðunar sé byggt á niðurstöðu Hæstaréttar um að kæranda sé ekki heimilt að tengjast flutningskerfinu beint. Honum hafi því mátt vera ljóst að þeirri tengingu sem komið var á í aðveitustöð Landsnets í Hamranesi hafi ekki getað verið tenging til frambúðar heldur tímabundin meðan hann væri að koma á tengingu við dreifikerfi HS Veitna til samræmis við nefndan dóm. Raforkueftirlitið telji sig þar með ekki geta ógilt nefnda leigusamninga.

Þá minni HS Veitur á að leigusamningarnir séu einkaréttarlegs eðlis og því vandséð að hægt sé með stjórnvaldsákvörðun að ógilda þá nema ef einsýnt er að þeir brjóti í bága við einhver tilgreind lagaákvæði og á grundvelli þeirra sé hægt að kveða upp úr um gildi þeirra. Fyrir liggi að hin kærða ákvörðun breyti ekki réttarástandi eða stöðu samningsaðila og frestun á réttaráhrifum ákvörðunarinnar myndi þar af leiðandi ekki hafa nein áhrif á uppsögn leigusamninganna. Ekki verði séð af lögum að hægt væri að fresta því að uppsagnirnar sem slíkar taki gildi, slíkt hljóti að vera utan gildissviðs stjórnsýslulaga og fyrir liggi að ágreining um gildi samninganna og uppsagnanna verði aðili að bera undir almenna dómstóla í einkamáli.

HS Veitur telji því að vísa beri frá kröfu kæranda um frestun réttaráhrifa hinnar kærðu ákvörðunar enda skorti lagalegar forsendur til frestunar.

IV. Umsögn Landsnets

Sjónarmið Landsnets bárust nefndinni með bréfi dags. 3. febrúar 2025. Þar segir m.a. að fram komi hjá kæranda að beiðni um frestun réttaráhrifa hinnar kærðu ákvörðunar byggji á ákvæði 2. mgr. 29. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 þar sem kveðið er á um að æðra stjórnvaldi sé heimilt að fresta réttaráhrifum hinnar kærðu ákvörðunar meðan kæra er til meðferðar þar sem ástæður mæla með því.

Í umsögn Landsnets er bent á að hin kærða ákvörðun varði það hvort uppsagnir tveggja samninga einkaréttarlegs eðlis séu lögmætari. Niðurstaða Raforkueftirlitsins hafi verið sú að ekki var hróflað við lögmætum uppsögnum einkaréttarlegra samninga. Frestun á réttaráhrifum hinnar kærðu ákvörðunar hafi þannig engin áhrif á réttindi kæranda jafnvel þótt fallist yrði á kröfuna, enda væri hann alltaf jafn settur hvort sem fallist yrði kröfuna eða ekki og uppsagnirnar stæðu eftir sem áður.

Mögulega hafi kærandi í hyggju að óska eftir frestun réttaráhrifa uppsagnanna sjálfra en engin heimild er til þess að setja fram slíka kröfu eða verða við henni í stjórnsýslulögum, hvorki í 2.

mgr. 27. gr. né öðrum ákvæðum laganna eða annarra laga. Hvorki Raforkueftirlitið né úrskurðarnefndin hafi heimild til að úrskurða um lögmæti uppsagna samninganna né kveða á um nýjan uppsagnarfrest.

Geri Landsnet því þá kröfu að úrskurðarnefndin synji kröfu kæranda um frestun réttaráhrifa hinnar kærðu ákvörðunar.

V. Niðurstaða

Úrskurðarnefnd er með til meðferðar kæru kæranda vegna ágreinings um lögmæti uppsagna á samningum annars vegar Landsnets og HS Veitna og hins vegar HS Veitna og kæranda sem gerðir voru 18. september 2019.

Samningur Landsnets og HS Veitna frá 18. september 2019 fjallaði um kostnaðarskiptingu vegna aftengingar kæranda frá flutningskerfinu og færslu yfir á dreifiveitu og samning um leigu á búnaði vegna raforkuafhendingar. Í 5. gr. samningsins um leigu á búnaði vegna raforkuafhendingar kemur fram að leigusamningurinn sé uppsegjanlegur með 18 mánaða fyrirvara. Landsnet sagði samningnum upp þann 31. ágúst 2023 og tók hún gildi þann 1. mars 2025. Í hinni kærðu ákvörðun er uppsögnin ekki talin hafa brotið í bága við ákvæði raforkulaga.


Í 29. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 er fjallað um frestun réttaráhrifa. Samkvæmt 1. mgr. er meginreglan sú að stjórnslukæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar. Hins vegar er sú undantekningarregla orðuð í 2. mgr. að æðra stjórnvaldi sé þó heimilt að fresta réttaráhrifum hinnar kærðu ákvörðunar meðan kæra er til meðferðar þar sem ástæður mæla með því.


Eins og fram kemur í athugasemdum með 2. mgr. 29. gr. hefur ákvæðið mesta þýðingu að því er varðar ákvarðanir sem fela í sér breytta réttarstöðu fyrir aðila, svo sem boð eða bann. Segir jafnframt að það hafi hins vegar sjaldnast nokkra þýðingu þegar um er að ræða neikvæðar stjórnvaldsákvarðanir þar sem synjanir hafa í för með sér óbreytt ástand fyrir aðila.


Hin kærða ákvörðun felur ekki í sér valdboð stjórnvalds eða bann með þeim hætti að hún sé íþyngjandi fyrir kæranda. Þá er ekkert fram komið um að hin kærða ákvörðun hafi breytt réttarstöðu kæranda. Í því ljósi og þess að túlka ber undanþáguheimildir þröngt líkt og þá sem fram kemur í 2. mgr. 29. gr. stjórnslulaga lítur nefndin svo á að ekki séu ástæður fyrir hendi sem mæla með því að verða við kröfu kæranda um að fresta réttaráhrifum hinnar kærðu ákvörðunar.

Úrskurðarorð

Kröfu kæranda um frestun réttaráhrifa hinnar kærðu ákvörðunar er hafnað.


Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir (sign)
formaður


Brynja Ingunn Hafsteinsdóttir (sign)


Ragnar Jóhann Jónsson (sign)